

Verkkaupi: Ísafjarðarbær

**Umsjón og eftirlit:
Tæknipjónusta Vestfjarða ehf
Sveinn D K Lyngmo**

Leikskólinn Eyrarskjól Ísafirði

**FRAMVINDUSKÝRSLA
FYRIR DESEMBER 2019**

EFNISYFIRLIT

bls

1. Yfirlit yfir verkið	1
2. Framkvæmdir	1
3. Staða verks miðað við áætlun.....	1
4. Yfirlit yfir verkstöðu og magnbreytingar	1
5. Aukaverk og breytingar frá útboðsgögnum	1
6. Fyrirsjáanlegar breytingar	1
7. Yfirlit yfir helstu niðurstöður rannsókna	1
8. Yfirlit um eftirlit.....	1
9. Upplýsingar um veðurfar	2

1. Yfirlit yfir verkið

Verkið felst í byggingu á 187 m² viðbyggingar norðvestan við núverandi leikskóla, ásamt 70 m² tengibygginu suðvestan við núverandi leikskóla. Einnig skal endurnýja eldhús í leikskólanum á um 110 m² svæði, á samt gólfefnum og klæðningum í öðrum hlutum hússins.

Verkkaupi: Ísafjarðarbær

Umsjón og eftirlit verkkaupa: Tækniþjónusta Vestfjarða ehf. Daglegt eftirlit, Sveinn D K Lyngmo.

Arkitektahönnun: Arkþing ehf.

Verkhönnun: TÓV ehf og Mannvit ehf.

Verktaki: Gamla Spýtan ehf.

2. Framkvæmdir

Vinna á verkstað hófst 28. Mars 2019.

Búið er að fjarlægja gamla húsið sem var á lóðinni ásamt leiktækjum sem voru innan vinnusvæðis, búið er að grafa fyrir viðbyggingunni og uppsláttur sökkla er hafinn. Búið er að endurlagningu á 150 mm lögnum við gaff á leikskólanum. Uppsláttur, járnvinna og steypa sökkla og gólfplötu viðbyggingar er lokið. Búið er að fylla inn í sökkul og setja einangrun undir plötu og innan á sökkul viðbyggingar. Lagnavinnu inna grunn í viðbyggingu er lokið og lagnavinnu utan grunns viðbyggingar er að mestu lokið. Búið er að steypa gólfplötu og vegg í viðbyggingu. Búið er að steypa sökkla, gólfplötu og veggja í tengibyggingu. Búið er að leggja frárennslis og hitalagnir í tengibyggingu. Búið er að endurnýja lagnir í gólfi í eldhúshluta, búið er að leggja stofnagnir, hita og vatns í eldhúshluta og raflagnir í eldhúshluta.

Búið er að smíða milliveggi, setja 45 mm steinull, og gifsplötur upp í loft í eldhúshluta. Búið er að breyta veggjum svo hægt sé að setja eldhúsvask og innréttingu í starfsmannarými.

Búið er að einangra loft í tengigangi og viðbyggingu. Búið er að setja pappa á þak tengigangs og járn á þak viðbyggingar og taka af þakjárn og setja á aftur, á þakið við hlið tengigangsins. Búið er að flota gólf í viðbyggingu og tengigangs. Búið er að setja upp rennur. Búið er að mála vegg í eldhúshluta.

Unnið er við uppsetningu á loftræstikerfi. Búið er að setja glugga og gler og útihurðir í viðbyggingu og tengigangi. Búið er að setja upp tæki í eldhúsið og skápa í starfsmannarými. Búið er að setja epoxu efni á gólf í eldhúshluta og dúka á gólf í eldhúshluta.

Eldhúsálma og tengigangur voru afhent 10,12,2019.

Búið er að smíða innveggi í viðbyggingu og múra útveggi í viðbyggingu. Búið er að mála eina umferð á vegg viðbyggingar og setja 5/6 af loftaklæðningu í viðbyggingu.

3. Staða verks miðað við áætlun

Verkið er um fimm til tíu vikum á eftir áætlun:

4. Yfirlit yfir verkstöðu og magnbreytingar

Samþykktur hafa verið 17 reikningar . samtals Kr: 150.077.911,- sem er 66.3 % af verkinu.

5. Aukaverk og breytingar frá útboðsgögnum

Samþykktir hafa verið þrjár reikningar vegna aukaverka samtala kr 3.169.521,- og er þessi tala innifalin í lið 4.

Aukaverk 1 var upptaka á hellum og leiktækjum ofl. því tengt

Aukaverk 2 var að endurtengja rafmagn og síma . brjóta lausa ílögnum, taka upp hellur við tengigang ofl.

Aukaverk 3. Var að bæta við steinull í lofti á eldhús ásamt lagnagrind og gifspötum.
Aukaverk 4. Færsla á lágsþennuskáp, fræsa raufar fyrir gólfhita í gangi, sandspartl ofl.

6. Fyrirsjáanlegar breytingar

Ákveðið var að setja gólfhita í gang í viðbyggingu, frá anddyri á norður vegg að tengigangi.

7. Yfirlit yfir helstu niðurstöður rannsókna

Tekin voru steypusýni úr sökkulveggjasteypu og plötusteypu, viðbyggingar.

8. Yfirlit um eftirlit

Eftirlit sér um samskipti á verkstað á framkvæmdatíma milli hönnuða, verkefnisstjóra og verktaka. Verkfundir eru haldnir með u.þ.b. 1 viku millibili og haldnir hafa verið 27 formlegir verkfundir frá verkbyrjun. Eftirlit hefur ritað fundargerðir vegna þessa og dreift þeim til viðkomandi aðila.

9. Upplýsingar um veðurfar

Veður hefur verið fremur hagstætt á framkvæmdatímanum, hitastig hefur verið 5-10°C. Fram í október, eftir það hefur hitastig verið 0-5 °C í nóvember og desember hefur verið frost og snjór.

Ísafirði 31. desember 2019

Sveinn D K Lyngmo